

Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

1. fundur stjórnar 2023-2024 þriðjudaginn 20. júní 2023

kl. 12.00 – 14.00 á skrifstofu FPR, Bændahöllinni v/Hagatorg og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Zophonías Oddur Jónsson og Þóroddur Bjarnason
Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Verkaskipting stjórnar.
2. Fundatími stjórnar.
3. Þóknun stjórnar.
4. Skýrsla endurskoðanda vegna 2022. Til kynningar og umræðu.
5. Starf skrifstofunnar.
6. Samninganefnd FPR.
7. Stofnanasamningar, staðan.
8. Kjaraviðræður, undirbúningur.
9. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Útreikningur á þóknunargreiðslum FPR, uppfært skjal 20. júní 2023
2. Verklagsreglur FPR um þóknunareiningar frá 12. apríl 2021
3. Skýrsla endurskoðanda vegna 2022, dags. 2. júní 2023

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.10. Hún bauð alla velkomna á fyrsta fund nýrrar stjórnar og bað fulltrúa um að kynna sig.

1. Verkaskipting stjórnar.

Rætt var um verkaskiptingu stjórnar á starfsárinu.

Samþykkt var að Ólafur Páll Jónsson verði varaformaður og Grétar Þór Eyþórsson gjaldkeri. Meðstjórnendur eru þau Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ragna Benedikta Garðardóttir, Zophonías Oddur Jónsson og Þóroddur Bjarnason.

2. Fundatími stjórnar.

Umræða var um fundartíma stjórnar. Gert er ráð fyrir að þeir verði mánaðarlega og oftast ef þarf. Ákveðið var að taka málið upp í haust um hvaða tími hentar best þegar stundatöflur vegna kennslu liggja fyrir. Rætt var um að fyrsti stjórnarfundur eftir sumarfrí verði 16. og/eða 17. ágúst kl. 12.00-14.00 til að ræða kjaramálin, kaupmáttar- og launaþróun og undirbúning næstu kjarasamninga. Þá er áætlað að hafa fund 8. september kl. 12.00-14.00 með fyrirvara um að fulltrúar geti mætt.

3. Þóknun stjórnar.

Framkvæmdastjóri upplýsti um þóknun stjórnar og þær verklagsreglur sem eru í gildi. Búið er að uppfæra upphæð þóknunar með hliðsjón af nýgerðum kjarasamningum.

4. Skýrsla endurskoðanda vegna 2022. Til kynningar og umræðu.

Framkvæmdastjóri kynnti skýrslu Ágústu K. Guðmundsdóttur endurskoðanda hjá Endurskoðun og reikningshaldi ehf. dags. 2. júní 2023.

Innra eftirlit: Í skýrslunni kemur fram að nauðsynlegt sé að huga að innra eftirliti þar sem sami starfsmaður sér um innkaup, samþykkt reikninga, greiðslu þeirra ásamt færslu bókhalds. Hann lagði til að þegar um veruleg útgjöld væri að ræða þyrfti samþykki formanns eða gjaldkera.

Ákveðið var að formaður, og gjaldkeri í fjarveru hans, samþykki reikninga sem eru 100.000 kr. eða hærri sem eru ekki hluti af hefðbundnum kostnaði af rekstri skrifstofunnar og/eða hafa ekki verið teknir fyrir á stjórnarfundi.

Kostnaður af rekstri Starfspróunarsjóðs prófessora (SP): Endurskoðandinn benti á að samkvæmt ákvörðun stjórnar FPR greiðir sjóðurinn 10% af kostnaði af launum starfsmanns FPR en launatengdu gjöldin hafa ekki verið tekin með undanfarin ár. Þá kom fram sú spurning hvort skoða mætti árlega hvort vinnuframlag starfsmanns sé óbreytt milli ára og hvort eðlilegt væri að SP bæri einnig kostnað vegna launatengdra gjalda. Þá benti endurskoðandinn einnig á að félagið ber að mestu allan kostnað af rekstri skrifstofunnar og velti upp þeirri spurningu hvort SP ætti að taka þátt í þeim kostnaði.

Samþykkt var að skoða málið. Formaður og framkvæmdastjóri komi með tillögu þar um fyrir næsta stjórnarfund.

5. Starf skrifstofunnar.

Rætt var um lokum skrifstofunnar í sumar. Samþykkt var að loka skrifstofunni frá og með 3. júlí og fram yfir verslunarmannahelgi. Þá verði starfshlutfall framkvæmdastjóra mögulega endurskoðað í september með hliðsjón af þeim verkefnum sem liggja fyrir.

6. Samninganefnd FPR.

Umræða var um skipan samninganefndar FPR. Rætt var um að skipa þrjá fulltrúa og bæta við fólki eftir þörfum. Þá er æskilegt að skipa ráðgjafahóp sem starfi með nefndinni. Samþykkt var að formaður og varaformaður verði í samninganefndinni. Á næsta stjórnarfundum verður tekin ákvörðun um fleiri fulltrúa.

7. Stofnanasamningar, staðan.

Búið er að ganga frá viðauka við stofnanasamning við HÍ. Eftir er að klára stofnanasamninga við hina skólana. Formaður og varaformaður munu fylgja málum eftir.

8. Kjaraviðræður, undirbúningur.

Umræða var um kjarakönnun FPR sem er í bígerð í haust í samstarfi við FH ásamt könnun á vinnumatskerfinu meðal félagsfólks. Nauðsynlegt er að gera samanburð við könnunina frá 2016. Rætt var um skipan starfshóps í tengslum við þá vinnu s.s. undirbúning og gerð spurningalista. Formaður mun hafa frumkvæði að því að setja saman starfshóp. Þá er áhugi fyrir því að byrja á viðhorfskönnun meðal félagsfólks um áherslur FPR í komandi kjarasamningum en síðast var slík könnun gerð vorið 2022.

9. Önnur mál.

a) Starfsaðstaða háskólanna.

Formaður upplýsti um fyrirhugaða langtímarannsókn Kára Kristinssonar prófessors um áhrif breytinga á fyrirkomulagi vinnurýmis innan HÍ yfir í opin vinnurými. Umræða var um hvað FPR geti gert til að styðja við starfsfólk sem er að lenda í slíkum breytingum. Nauðsynlegt er að ræða við ræða við FH og FHA um málið og taka stöðuna hjá hinum ríkisháskólunum.

Formaður stefnir á fund með rektor HÍ um málið og fleiri mál sem varða málefni FPR. Með henni á fundinn fari varaformaður og fleiri innan stjórnar. Þá þarf að koma á fundum með rektorum HA, á Hólum og LBHÍ.

b) LSR, skerðingar, dómsmál með BHM.

Við gerð kjarasamninga árið 2016 var lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna breytt og þau skert til að jafna lífeyrisréttindi á milli hins opinbera og almanna markaðarins, með því loforði að laun yrðu jöfnuð á milli markaða en það loforð hefur ekki verið efnt. Þá er ljóst er að þeir sem greiða í LSR-A deild verða fyrir talsverðum skerðingum á greiðslum þegar þeir fara á eftirlaun vegna hækkandi lífaldurs og versnandi stöðu sjóðsins. Þetta eru tvö aðskilin mál, annars vegar skert kjör til framtíðar og einnig skerðing á þegar unnin réttindum. Rætt var um hugsanlegt dómsmál í þessu sambandi í samstarfi við BHM og aðildarfélag þess. Formaður og framkvæmdastjóri munu hafa samband við BHM um málið.

c) Fundur norrænu háskólafélagana.

Fundur norrænu háskólafélagana var haldinn dagana 12.-14. júní sl. á Hótel Örk og gekk vel. FPR og FH sáu um skipulagningu fundarins. Þátttakendur voru 32 talsins. Frá Íslandi tóku FPR, FH og FHA þátt eða samtals 15 manns. Fulltrúar FPR voru auk formanns og framkvæmdastjóra, Guðný, Hólmsfríður og Zophonías. Hvert félag greiðir þátttökugjaldið fyrir sitt fólk. Dagskrá fundarins var fjölbreytt og umræður gefandi. Rætt var meðal annars um vinnumatskerfið, launasetningu háskólafélks, gerð kjarasamninga, mismunandi kennsluaðferðir, starfsumhverfi og fleira. Þá kynntu félagin starfsemi sína. Áður en farið var til Hveragerðis var móttaka á Bessastöðum þar sem forseti Guðni Th. Jóhannesson tók á móti hópnum. Næsti fundur verður í Noregi, líklega 10.-12 júní 2024, eða viku 24.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.10.

Fundarritari: LP.